



Olíubirgðastöð Hlaðbæjar Colas að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði

Umsókn um starfsleyfi



Janúar 2014



Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Umsókn.....	4
1.2 Skilgreiningar og reglugerðir	4
2. Atvinnurekstur, rekstrarþættir og staðsetning	5
2.1 Um atvinnurekstur	5
2.2 Umfang atvinnurekstrar	5
2.3 Staðsetning.....	5
Mynd 1:	5
Mynd 2:	6
Mynd 3:	6
3. Deiliskipulag.....	7
3.1 Um deiliskipulag	7
Mynd 4:	7
4. Staðhættir.....	7
4.1 Lóð og mannvirki	7
Tafla 1:.....	8
Mynd 4:	8
Mynd 5:	9
4.2 Geymsla og afhending stungubiks.....	10
4.3 Afhending þunnbiks og þjálbiks.....	10
4.4 Framleiðsla og afhending bikþeytu	10
5. Hráefni og orka.....	10
5.1 Hráefni.....	10
Tafla 2:.....	10
5.3 Orkunotkun	11
6. Losun út í umhverfið.....	11
6.1 Losun	11
6.2 Áhrif losunar á umhverfið.....	11
7. Mengunarvarnir.....	11
7.1 Frárennsli.....	11
7.2 Lekaþrær.....	11
7.3 Aðrar mengunarvarnir	11
8 Eftirlit með losun	12



8.1	Olíuskilja	12
8.2	Geymar	12
8.3	Almennt eftirlit	12
9.	Innra eftirlit vegna losunar	12
9.1	Gæðastjórnunarkerfi	12
9.2	Umhverfisstjórnunarkerfi	12
9.3	CE merking.....	12
9.4	Umverfisslys	12
9.5	Reglubundið eftirlit.....	12
10.	Úrgangur.....	13
10.1	Almennur úrgangur	13
10.2	Spilliefni	13
10.3	Almennar ráðstafanir	13
10.3	Endurnýting úrgangs	13
11	Tegund og magn úrgangs	13
11. 1	Tegund úrgangs	13
11.2	Magn úrgangs.....	14
12	Niðurlag umsóknar	14
12.1	Fyrirhugaðar breytingar	14
12.2	Um umsókn	14
13	Viðaukar með umsókn.....	14
13.1	Viðauki I - Afrit af staðfestu deiliskipulagi.....	14



1. Inngangur

1.1 Umsókn

Umsækjandi: Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf

Heimilisfang: Gullhella 1, 221 Hafnarfjörður

Kennitala: 420187 – 1499

Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf, hér eftir nefnt MHC, sækir hér með um starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð sína að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði. Núverandi starfsemi olíubirgðastöðvar hefur verið með svipuðum hætti frá árinu 1989, frá því að Hlaðbær-Colas hf keypti aðstöðuna.

Sótt er um heimild til móttöku, geymslu og afhendingu á bikbindiefnum sem aðallega eru ætluð til vegagerðar.

Ástæða þess að þessi umsókn er nú lögð fram er sú að í janúar 2012 barst erindi frá Umhverfisstofnun sem ítrekað var í desember 2013, þar sem farið var fram á starfsleyfisumsókn og lögð fram greinagóð rök þar að lútandi. Frestur var veittur til 31.01.2014. Varðandi starfsleyfisumsókn hafa bæði fulltrúar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis tekið undir þau sjónarmið MHC að eðlilegt sé að sækja um sérstakt starfsleyfi vegna starfseminnar að Óseyrarbraut og halda því aðskildu frá starfsleyfi malbikunarstöðvar MHC að Gullhelli 1 í Hafnarfirði vegna eðlismunar á starfsemi og staðsetningu umræddra starfstöðva.

Þessi umsókn er unnin af starfsmönnum Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær – Colas hf

1.2 Skilgreiningar og reglugerðir

Almennt er álitid að geymsla stungubiks (asfalts) falli undir ákvæði um olíubirgðastöðvar og er það einnig mat Umhverfisstofnunar. Olíubirgðastöðvar eru starfsleyfisskyldar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, t.l. 24a í fylgiskjali 1. Í reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi kemur fram að stungubik og vegaolía meðal annars eru skilgreind sem olía í sama flokki og aðrar unnar olíur eins og bensín og gasolía t.d. Í sömu reglugerð er olíubirgðastöð skilgreind sem birgða- og dreifingastöð sem hefur geymarými fyrir 50 rúmmetra af olíu eða meira. Slíkar stöðvar samanstanda a.m.k. af geymi og geymum með varnarþró, löndunar-, áfyllingar- og afgreiðslulögnum, dæluhúsi, áfyllingarplani, olíuskilju og afgreiðsluhúsi. Samkvæmt fyrrnefndum reglugerðum er ljóst að starfsemi olíubirgðastöðvar MHC að Óseyrarbraut er starfsleyfisskyld.

MHC vill vekja athygli á að skilið er á milli hefðbundinna olíubirgðastöðva sem geyma t.d. eldsneyti, gasolíu, bensín og svo frv. og annarra olíubirgðastöðva. Í breytingareglugerðum 1289/2012 og 106/2004 kemur fram að í 24. Tl. í fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit skuli koma nýr liður sem segir til um að olíubirgðastöðvar sem eingöngu geyma olíuefni til malbiksframleiðslu og olíumalarframleiðslu skuli vera í eftirlitsflokki 4 í stað eftirflokks 2 eða eftir atvikum eftirlitsflokks 3. Það þýðir að eftirlit með olíubirgðastöðvum sem geyma stungubik er með öðrum hætti og sjaldnar en fyrir aðrar olíubirgðastöðvar. Mat MHC er að starfsemi olíubirgðastöðvar fyrirtækisins falli undir eftirlitsflokki 4.

Í samræmi við 10. Grein reglugerðar 785/1999 með síðari breytingum, um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun, eru eftirfarandi upplýsingar veittar.

2. Atvinnurekstur, rekstrarþættir og staðsetning

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., a liður: Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og upprættir af staðsetningu)

2.1 Um atvinnurekstur

Starfsemi MHC í olíubirgðastöðinni að Óseyrarbraut 16 er nokkuð margþætt. Hún lýtur fyrst og fremst að meðhöndlun bikbindiefna sem að langmestu leyti eru ætluð til vegagerðar. Þar má nefna móttöku, geymslu, sölu og afhendingu stungubiks, sölu og afhendingu þjálbiks og þunnbiks ásamt framleiðslu, sölu og afhendingu á bikþeytu (en: bitumen emulsion) sem getur verið mismunandi að gerð og eiginleikum.

2.2 Umfang atvinnurekstrar

Stungubik: Stungubiksgeymar rúma rétt liðlega 4000 m³ af stungubiki eða um 3769 tonn af stungubiki í þremur geymum, SB1, SB2 og SB3.

Bikþeyta: Geymarými undir bikþeytu er 105 m³ eða rétt liðlega 100 tonn. 105 m³


Lífolía (Ethyl ester): Geymarými undir lífolíu er 100 m³ eða rétt liðlega 100 tonn.

Þunnbik og þjálbik: Einungis afhent á bíla en aldrei geymt í olíubirgðastöð.


Umfang starfseminnar er langmest yfir sumarmánuðina en minnkar mikið og er í lágmarki yfir háveturinn. Yfirleitt eru tveir fastir starfsmenn í olíubirgðastöð yfir sumartímenn.

2.3 Staðsetning

Olíubirgðastöð MHC er staðsett að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði. Hún er á skilgreindu hafnarsvæði Hafnarfjarðarbæjar, Suðurhöfn, norðan Hvaleyrarholts, samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025. Nánari staðsetningu má sjá á myndum 1, 2 og 3. Stærð lóðar er 3654,2 m².



Mynd 1: Staðsetning olíubirgðastöðvar Hlaðbæjar Colas að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025. (rauður hringur)



Mynd 2: Staðsetning olúbirgðastöðvar Hlaðbæjar Colas að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025. (rauður hringur)




Mynd 3: Staðsetning olúbirgðastöðvar Hlaðbæjar Colas að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði (rauður ferhyrningur). Loftmynd tekin af heimasíðu já.is.

3. Deiliskipulag

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., b liður: Afrit af staðfestu deiliskipulagi)

3.1 Um deiliskipulag

Uppdráttur af staðfestu deiliskipulagi kom frá Hafnarstjórn Hafnarfjarðar. Upphaflegur uppdráttur er gerður 03.03.2000 fyrir Hafnarstjórn Hafnarfjarðar í samráði við bæjarstjórn Hafnarfjarðar og síðasta breyting 17.05.2005. Skipulagsuppdráttur fylgir með umsókn í viðauka.



Mynd 4: Úr deiliskipulagsuppdraetti, Óseyrarbraut 16 er innan rauðahringsins.

4. Staðhættir

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., c liður: Lýsing á staðhættum við vinnslustað)

4.1 Lóð og mannvirki

Stærð lóðar er 3654,2 m². Lóðarmörk að sunnan- og austanverðu liggja að Óseyrarbraut og Suðurgarði. Dælustöð Hafnarfjarðar að Óseyrarbraut 18 er vestan við lóð en óbyggt er norðan við olúbirgðastöð.

Stöðvarhús er á tveim hæðum og 233,1 m² að grunnfleti. Á neðri hæð er bikþeytuframleiðsla, verkstæði og hráefnisgeymsla ásamt starfsmannaaðstöðu og snyrtingum. Á efri hæð er skrifstofuaðstaða og þar fer afgreiðsla á stungubiki og öðrum bikbindiefnum fram. Húsið var reist 2011. Unnið er að fullnaðarfrágangi, smíði innréttinga og lögn loftræstikerfis og verður lokaúttekt væntanlega snemma árs 2015.

Lítið rafmagnstöfluhús er í SA – horni lóðar.

Þrjú geymslutankar fyrir stungubik eru á lóðinni. Þeir eru staðsettir, frá norðri til suðurs, á austurhelmingi lóðar og eru auðkenndir SB1 – SB2 og SB3. Fjórir 35 m³ tankar, þar af þrjú sem notaðir eru undir bikþeytu og einn undir stungubiksfasa eru norðan við stöðvarhús, auðkenndir BP1 – BP2 – BP3 – SB4. Austan við þá er 100 m³ tankur sem ethylester, unnið úr fiski, er geymt í og nefnist EE.


Einnig er láréttur 20 m³ tankur austan við sem til skamms tíma var notaður undir terpentínu (White Spirit) Til stendur að reisa hann upp og nota í framtíðinni undir bikþeytu.

Til stendur að bæta við fleiri bikþeytutönkum í framtíðinni.

Áætlað er að setja nýjan 3 m³ tank niður á lóðinni undir White Spirit.

Heiti	Smíðarár	Rúmmál	Notkun	Geymslurými – Hámark	Athugasemdir
SB1	1972	1090 m ³	Stungubik	1036 tonn	Þykktarmældur Feb-2010
SB2	1972	775 m ³	Stungubik	733 tonn	Þykktarmældur Feb-2010
SB3	2005	2200 m ³	Stungubik	2000 tonn	
Bþ1	2004	35 m ³	Bikþeyta	35 tonn	Stálundirstoðir (Dagtankur)
Bþ2	2004	35 m ³	Bikþeyta	35 tonn	Stálundirstoðir (Dagtankur)
Bþ3	2004	35 m ³	Bikþeyta	35 tonn	Stálundirstoðir (Dagtankur)
BT4	2004	35 m ³	Stungubiksfasi	33 tonn	Stálundirstoðir (Dagtankur)
EE	1972	100m ³	Ethylester	84 tonn	Feb-2010
	1998	20 m ³	Bikþeyta/SBS	20 tonn	Verður reistur upp

Tafla 1: Upplýsingar um geyma innan lóðar oliubirgðastöðvar



Mynd 4: Afstöðumynd af lóð Oliubirgðastöðvar MHC að Óseyrarvegi 16 í Hafnarfirði

Tekið skal fram að afstöðumynd hér að ofan er ekki alls kostar rétt. Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á stungubikslögnum frá SB1 og SB 2.

Á mynd 4 má sjá meðal annars aðkomu- og brottfararhlið að olíubirgðastöð. Tankbílur koma inn af Óseyrarbraut að austanverðu, staðsetja sig undir bindiefnisáfyllingu við stöðvarhús og aka út af lóð í gegnum hlið sem staðsett er í suðvestur horni lóðar.

Lítið rafmagnstöfluhús er staðsett í suðausturhorni lóðar.

Athafnasvæði olíubirgðastöðvar er afgirt og akbrautir og plön malbikuð. Frágangur lóðar er snyrtilegur og í samræmi við samþykktar teikningar, gildandi deiliskipulag og kröfur heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.



Mynd 5: Loftmynd af olíubirgðastöð með merkingum geyma. Mynd frá 2012, úr Intrapath kortavef á heimasíðu Snertils, www.snertill.is



4.2 Geymsla og afhending stungubiks

Tekið er á móti stungubiki frá tankskipum í gegnum löndunarlögn sem liggur frá Hafnarfjarðarhöfn að olíubirgðastöð. Stungubiki er dælt í geyma SB1, SB2 og SB3 og geymt þar. Það er síðan afhent á tankbíla í gegnum áfyllingarstút við stöðvarhús. Stungubikið er yfirleitt með stungudýpt 160/220 en einnig er tekið á móti stungubiki með minni stungudýpt sem er þá stífara (hart bik), eða 70/100. Geymsla og meðhöndlun stungubiks er yfirleitt við 150°C.

4.3 Afhending þunnbiks og þjálbiks

Þunnbik er blanda af stungubiki og þynni sem getur verið af ýmsum gerðum. Oftast nær er það þynnt með Hvítspíra (White Spirit), 8 – 11 %. Notkun þunnbiks hér á landi hefur nánast alveg verið hætt vegna umhverfissjónarmiða. Afhending og meðhöndlun þunnbiks er yfirleitt við 120–130°C.

Þjálbik er afbrigði af þunnbiki. Þá er stungubikið mýkt upp með umhverfisvænum olíum sem unnar eru til dæmis úr repju og nú síðustu ár úr fiskilýsi, svokallað etylester. Afhending og meðhöndlun þjálbiks er yfirleitt við 120 – 130°C. Etylester er geymt í tanki EE, norðan við stöðvarhús.

Afhending þjálbiks og þunnbiks fer þannig fram að dælt er sitt hvoru efninu á tankbíla í gegnum áfyllingarstúta við stöðvarhús. Þessar efnablöndur eru aldrei geymdar í olíubirgðastöð vegna þess að blöndun þeirra fer fram við afhendingu.

4.4 Framleiðsla og afhending bikþeytu

Framleiðsla bikþeytu fer fram í framleiðslurými stöðvarhúss á neðri hæð. Blandað er saman stungubiki og vatni með sérstakri kvörn. Ýmsum íaukum og hjálparefnum er blandað út í til að ákvarða um eiginleika hennar, til dæmis brothraða. Bikþeyta er geymd í BP1, BP2 og BP3 og síðan dælt þaðan á tankbíla í gegnum áfyllingarstút við stöðvarhús.

5. Hráefni og orka

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., d liður: Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd)

5.1 Hráefni

Eftirfarandi hráefni eru meðhöndluð í olíubirgðastöð. Ekki tæmandi listi en þau helstu eru talin upp hér.

Heiti	Notkun og athugasemdir
Stungubik	Í malbik, þunnbik, þjálbik og bikþeytu – Í geymum SB1, SB2 og SB3
Saltsýra	Í bikþeytu – Í 1000 l körum. Aldrei meira en 2 kör í einu á lóð
Etylester	Í þjálbik – Í geymi EE
TPH	Viðloðunarefni í þjálbik og þunnbik – Í 1000 l körum
Kalsíum Klóríð	Í bikþeytu – Í 25 kg pokum
White Spirit	Í þunnbik og í litlu magni í bikþeytu – Til stendur að setja upp 3 – 5 m ³ geymi
Að auki eru ýmis hjálparefni notuð í bikþeytu. Það eru ýruefni (en: emulsifiers), svokölluð amínefni, fjöllíður og svo frv. Hún er í stöðugri þróun hérlendis, ný hjálparefni prófuð til að bæta eiginleika hennar og þess vegna verða eingöngu helstu hjálparefni talin upp hér.	
Redicote EM 24	Ýruefni (en; emulsifier)
Arquad	Ýruefni (en; emulsifier)
Indulin W 5	Ýruefni (en; emulsifier)
Latex (NRL)	Fjöllíður

Tafla 2: Hráefnisyfirlit



5.3 Orkunotkun

Geymar og lagnir eru hituð upp með rafmagni. Það sam gildir um allar dælur, lýsingu og annan búnað í olíubirgðastöð.

6. Losun út í umhverfið

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., e liður: Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og greinagerð um áhrif losunar á umhverfið)

6.1 Losun

Fráveituvatn frá olíubirgðastöð, ofanvatn, skólpi og vatn frá upphitunarkerfum fer út í fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar. Frárennsli af lóð, fyrst og fremst ofanvatn, fer niður í gegnum niðurföll sem staðsett eru á a.m.k. 7 stöðum innan lóðar.

6.2 Áhrif losunar á umhverfið

Ekki er talið að starfsemi olíubirgðastöðvar hafi í för með sér losun út í andrúmsloftið né út í jarðveg. Um áhrif losunar í sjó er vísað í heimasíðu Hafnafjarðar:

www.hafnarfjordur.is „Hreinsistöðin í Hraunavík var síðan tekin í notkun 2008 og tekur við öllu skólpi frá Hafnarfirði. Hreinsuðu skólpi er dælt um 2 km á haf út og á 23 m dýpi. Um er að ræða fráveitu með eins þrepa hreinsun á skólpi“

7. Mengunarvarnir

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., f liður: Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun)

7.1 Frárennsli

Frárennsli er leitt í gegnum viðurkennda olíu- og sandskilju. Við ákvörðun stærðar og gerðar var tekið mið af leiðbeingum nr 2, olíuskiljur, 2. Útg. Nón 1995. frá Hollustuvernd ríkisins.

7.2 Lekaþrær

Lóð olíubirgðastöðvar er skilgreind sem ein lekaþró. Stærsti geymirinn, geymir SB3 er 2200 m³, viðtökuflatarmál þróar er 3129,5 m² og viðtökurúmmálið 2000 m³ sem er 90% af rúmtaki stærsta geymisins og uppfyllir þar af leiðandi þau skilyrði sem sett eru vegna slíkra lekaþróa. Umhverfis lóð er steinsteypt girðing að undanskildum þeim svæðum að sunnanverðu sem eru hlið. Þar er planhæð um 0,8 m hærrí en lægstu punktar á lóð. Sjá fylgiskjal í viðauka

Önnur lekaþró er staðsett norðan við stöðvarhús, inni á miðri lóð. Í henni eru smærri geymarnir staðsettir. Það eru geymar BÞ1, BÞ2, BÞ3, SB4, EE og væntanlega 3 – 5 m³ White Spirit tankur. Grunnflötur hennar er 214 m².

7.3 Aðrar mengunarvarnir

Reglubundið eftirlit er með lekum og öðrum umhverfisþáttum í starfsemi olíubirgðastöðvar.



8 Eftirlit með losun

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., g liður: Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið)

8.1 Olúskilja

Haft er reglulegt eftirlit með olú- og sandskilju til að tryggja að virkni hennar sé eins og ætlast er til. Einu sinni á ári er mælt magn fitu og svifagna og a.m.k. árlega er skiljan hreinsuð og tæmd.

8.2 Geymar

Geymar eru þykktarmældir samkvæmt reglugerð 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi.

8.3 Almenn eftirlit

Reglubundið eftirlit er haft með þeim þáttum sem lúta að losun út í umhverfið og það er skráð. Eftirlitsþættir eru margvíslegir og flokkast eftirlit í daglegt, vikulegt, mánaðarlegt og árlegt.

9. Innra eftirlit vegna losunar

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., h liður: Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið í umhverfið)

9.1 Gæðastjórnunarkerfi

Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf er með vottað gæðastjórnunarkerfi vottað samkvæmt ISO 9001 kröfustaðlinum. Það gildir einnig um starfsemi í olíubirgðastöð. Hluti af innra eftirliti olíubirgðastöðvar eru úr kröfum fyrrnefnd staðals, innri úttektir framkvæmdar af aðilum innan MHC og ytri úttektir sem vottunaraðili sér um, British, Standard Institution, BSI. Allar ábendingar og kvartanir eru skráðar auk frábrigða.

9.2 Umhverfisstjórnunarkerfi

Fyrirtækið stefnir á að fá umhverfisstjórnunarkerfi sitt vottað samkvæmt kröfustaðlinum ISO 14001 í nánustu framtíð, helst innan tveggja ára. Þegar er hafin vinna við innleiðingu þess. Það kallar á enn eftirlit og skráningar vegna umhverfispátta.

9.3 CE merking

Stefnt er að leyfi til að CE merkja framleiðsluvörur í olíubirgðastöð samkvæmt ÍST EN 13808 . Til þess þarf að uppfylla ýmis skilyrði varðandi eftirlit bæði búnaðar og hráefna sem ætti að leiða til strangara eftirlits á meðal annars umhverfispáttum.

9.4 Umverfisslys

Öll umhverfisóhöpp eru skráð og úrbætur, ef þær eiga við, skráðar samkvæmt verklagsreglum MHC.

9.5 Reglubundið eftirlit

Eins og tilgreint er í 8.3 Almenn eftirlit, þá er reglubundið eftirlit með ýmsum umhverfispáttum. Það er samofið hefðbundnu eftirliti og skráningu.



10. Úrgangur

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., í liður: Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á)

10.1 Almennur úrgangur

Almennum úrgangi er safnað í gám á lóð olíubirgðastöðvar. Hann er tæmdur reglulega af viðurkenndum aðilum sem hafa til þess opinbert leyfi.

10.2 Spilliefni

Sérstök ílát eru ætluð undir spilliefni, svo sem olíublautar tuskur og annar olíumengaður úrgangur, rafhlöður og svo frv. Myndun spilliefna er í lágmarki í olíubirgðastöð. Viðurkenndur aðili með starfsleyfi sér um að losa þau spilliefni sem til falla og koma þeim til viðurkenndra förgunaraðila.

10.3 Almennar ráðstafanir

Fjárfest hefur verið í sérstökum lekabyttum undir fljótandi efni. Markmiðið er að lekabyttur verði undir öllum efnum og efnablöndum sem geymd eru í olíustöð, jafnt utandyra sem og inni í efnageymslum. Auk þess er reynt eins og kostur er að lágmarka myndun úrgangs með góðri umgengni og hirðusemi.

10.3 Endurnýting úrgangs

Hefðbundinn úrgangur sem til fellur í olíubirgðastöð er ekki endurvinnanlegur né endurnýtanlegur í aðra starfsemi MHC.

Allt stungubik sem til fellur og nýtist ekki til framleiðslu eða afhendingar fer í endurvinnslu með öðru malbiki að Gullhelli 1.

Fljótandi bikbindiefni eins og bikþeyta og önnur hráefni sem hægt er að endurvinna, eru endurunnin að Óseyrarbraut. Þar er vatn eimað frá í sérstökum tanki og bikblandan sem eftir verður nýtt til framleiðslu malbiks.

Efni sem ekki er hægt að endurvinna á staðnum eða að Gullhelli eru flutt til förgunar hjá viðurkenndum fyrirtækjum sem taka við spilliefnum.

11 Tegund og magn úrgangs

(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., í liður: Lýsing á tegund og magni úrgangs, þmt spilliefna)

11.1 Tegund úrgangs

Hefðbundinn úrgangur myndast við almenna starfsemi, óflokkaður.

Olíumengaður úrgangur myndast við þrif á bikþeytugeymum.

Stungubik sem úrgangur er fluttur til endurvinnslu malbiks.

Bikþeyta og önnur vatnsleysanleg efni eru endurunnin á staðnum.

Annar úrgangur í lágmarki við hefðbundna starfsemi og flutt í spilliefnamóttöku.



11.2 Magn úrgangs

Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um magnmælingar úrgangs en nú eru hafnar mælingar á allri tæmingu og förgun á úrgangi og spilliefnum í olíustöð.

12 Niðurlag umsóknar

12.1 Fyrirhugaðar breytingar

Áætlun gerir ráð fyrir að láréttur geymir sem er austan við bikþeytutanka verði reistur upp og notaður undir bikþeytu, hann er 20 m³ og rúmar um 20 tonn af bikþeytu. Auk þess er áætlað að reisa 3 – 5 m³ geymi undir White Spirit. Hann verður staðsettur í geymaþró innan svæðis. Í febrúar á þessu ári verður lóðin teiknuð upp með tilliti til geyma, lagna, mannvirkja, mengunarvarna því heildaryfirlitsteikning af lóðinni liggur ekki fyrir vegna framkvæmda undanfarinna ára.

12.2 Um umsókn

Við teljum ekki þörf á að láta fylgja með sérstaka samantekt um atriði í umsókn sem ekki er á tæknimáli, eins og mælst er til um í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

Við vonum að þessi umsókn uppfylli þau skilyrði sem farið er fram á í fyrirnefndri reglugerð. Ef óskað er eftir viðbótarupplýsingum þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan vegna þess og þær verða útvegaðar eins fljótt og unnt er.

13 Viðaukar með umsókn

13.1 Viðauki I - Afrit af staðfestu deiliskipulagi

Virðingarfyllst
f/h Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær- Colas hf

Gísli Eymarsson
Gæðastjóri

Hafnarfirði
28.01.2014



**Olíubirgðastöð Hlaðbæjar Colas að
Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði**

Umsókn um starfsleyfi

Viðauki I: Deiliskipulagsuppráttur